

Nefndarsvið Alþingis, nefndaumsagnir  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/74*  
*komudagur 29.10.2013*

Reykjavík, 21. október 2013

**Efni: Umsögn um Þingskjal 3 – 3. mál. Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.).**

Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hefur borist þingskjal 3 – 3. mál, frumvarp til laga um ýmsar forsendur til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), til umsagnar.

Í kafla XIX í frumvarpinu er fjallað um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að 19. og 22. grein laga númer 99/1993 falli brott, gerðar verði breytingar á greinum 24, 26, 27 og 29, auk þess að við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Efnisleg atriði frumvarpsins eru þau að með niðurfellingu greina 19 og 22 verða felldir niður “Verðmiðlunarsjóður mjólkur” og “Verðtilfærslusjóður mjólkur” en breytingar á greinum 24, 26, 27 og 29 eru niðurfellingar á lagagreinum um framkvæmd og umsýslu sjóðanna. Nýtt ákvæði til bráðabirgða leggur þá byrði á afurðarstöðvar mjólkur-iðnaðarins að greiða uppsafnaðan halla á Verðtilfærslusjóði mjólkur.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði styðja fyrirhugaðar breytingar á sjóðakerfi mjólkur, enda komu þær á sínum tíma til umfjöllunar við ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru, um breytingar á heildsöluverði mjólkurvara 1. janúar 2006. Verðlagsnefnd búvöru skipa, samkvæmt lögum nr. 99-1993, fulltrúar bænda, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ríkis og afurðastöðva.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði vilja leggja áherslu á að þrátt fyrir ofangreindar breytingar, sem fyrirhugaðar eru á lögum nr. 99/1993, eru starfsskilyrði Verðlagsnefndar búvöru, samkvæmt lögum nr. 99/1993, tryggð áfram til ákvörðunar á verðlagningu mjólkur og mjólkurvara sem nefndin fjallar um. Enda er það í fullu samræmi við 7. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands frá 10. maí 2004, með síðari breytingum.

f.h. SAMTAKA AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI

Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM.